

Reykjavík, 3.10.2023

## **Umsögn ÖBÍ réttindasamtaka um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2024, þingskjal 2, 2. mál**

### **Hækkun krónutöluskatta um 3,5%**

Krónutöluskattar hækkuðu við síðustu fjárlög um 7,7%. Jákvætt er að ekki eigi aftur að fara í verðlagsuppfærslu sem myndi þýða 7,4% hækkun miðað við áætlaða tólf mánaða breytingu á vísitölu neysluverðs yfir árið 2023 samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofunnar auk þess sem hækkunir á ákveðnum krónutölusköttum auka verðbólgu. Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu undir mat á jafnréttisáhrifum að hækkun krónutöluskatta og annarra gjalda kemur verr niður á þeim sem eru með lægri tekjur. Tekjulægsta fólkið greiðir hærra hlutfall af sínum ráðstöfunartekjum í slíka skatta og ver hæstu hlutfalli tekna sinna til nauðsynja.

### **Barnabætur**

#### **Lagt er til að fjárhæðir og skerðingarmörk verði hækkuð í samræmi við verðlags- þróun.**

Barnabætur fjölskyldna rýrna að raunvirði, þar sem fjárhæðir og tekjuviðmið halda ekki í við verðlagsþróun. Fatlaðir foreldrar eru að stórum hluti í hópi tekjulægri foreldra sem treysta á barnabætur. Skerðingarmörkin eru þó enn of lág og undir lágmarkslaunum.

Neðri mörk skerðingar fyrir einstætt foreldri voru árið 2022 á ársgrundvelli 4.549.000 kr. Ef sú upphæð er framreiknuð frá janúar 2022 þá var sú upphæð miðað við verðlagsreiknivél Hagstofunnar 5.001.296 kr. í janúar 2023. Eftir breytingunni sem tók gildi í janúar 2023 eru skerðingarmörk einstæðs foreldris kr. 4.750.000 og gert er ráð fyrir að þessi skerðingarmörk fari í 4.893.000 kr. í janúar 2024. Ljóst er því að um raunlækkun er að ræða á skerðingarmörkum vegna barnabóta. Samkvæmt þessu munu mánaðarlaun einstæðs foreldris sem eru umfram 407.750 kr. skerða barnabætur í janúar 2024. Á sama tíma eru uppreiknuð lágmarkslaun í landinu á verðlagi dagsins í dag um 425.000 kr. (voru 368.000 kr. í janúar 2022).

### **Vaxtabætur**

#### **Lagt er til að útgjöld vegna vaxtabóta hækki um 8% að lágmarki til að mæta fyrirhugðum verðlagsbreytingum.**

Óbreytt fjárframlög leiða til raunlækkunar vaxtabóta sem bitnar verst á tekjulægstu hópum samfélagsins. Samkvæmt verðlagsreiknivél Hagstofu Íslands myndu 2,8 milljarðar í september 2022 samsvara u.þ.b. 3 milljörðum í september 2023 eða 8%. Snarpar stýrivaxtahækkunir og hátt verðlag bitnar mest á þeim sem verst standa. Sérstaklega á þetta við um fólk með fötlun á örorkulífeyri, sem hefur lítil sem engin tækifæri til að vænka hag sinn. Því þurfa stjórnvöld að hækka útgjöld vegna vaxtabóta um að lágmarki 8% til að styðja við húsnæðisöryggi lágtekjufólks og örorkulífeyristaka.

## Lagt er til að hækka eignamörk vaxtabóta um 12% að lágmarki til að halda í við áhrif af hækkun fasteignamats fyrir árið 2024.

Á heimasíðu Skattsins kemur fram að hafi einstaklingur að mestu sömu tekjur og afborganir og árið áður, þá sé hækkun fasteignamats eigna ein algengasta skýring lækkunar vaxtabóta á milli ára. Miklar sviptingar hafa verið á íslenskum fasteignamarkaði á síðastliðnum tveimur árum. Árið 2023 hækkaði heildarmat fasteigna á Íslandi um 19,9% frá árinu áður og fasteignamat fyrir árið 2024 gerir ráð fyrir 11,7% hækkun. Sú hækkun samsvarar 31,6% hækkun á tveimur árum. Hækkun fasteignamats felur hvorki í sér lægri afborganir af húsnæðislánum né auknar mánaðarlegar tekjur. Mikilvægt er að eignamörk séu í takt við breyttar forsendur svo einstaklingar sem búa í eigin fasteign en standa höllum fæti fjárhagslega fái ekki skertar vaxtabætur sökum þenslu á húsnæðismarkaði.

## Bifreiðagjöld og styrkir

Lagt er til að:

- a. bifreiðastyrkir til hreyfihamlaðra einstaklinga verði hækkaðir þannig að endurspegli breytingar á verðlagi frá árinu 2009. Virðisaukaskattur af rafbílum falli niður hjá fólki með hreyfihömlun.
- b. eða hið opinbera (Tryggingastofnun eða Sjúkratryggingar) eigi og reki bifreiðarnar.

Fyrirhuguð hækkun bifreiðagjalda, sem og gjaldtaka á akstur raf- og tvinnbíla, mun koma harðast niður á lífeyristökum.

ÖBÍ réttindasamtök hafa bent á að þrátt fyrir mikla hækkun kostnaðar við kaup á bíl, eldsneyti og gjalda hafa styrkir og uppbætur til hreyfihamlaðra einstaklinga nánast staðið í stað frá árinu 2009 og hækkað án nokkurrar reglu á sex ára fresti að jafnaði. Staðan er orðin sú að styrkirnir nýtast varla til annars en kaupa á úr sér gengnum hræjum, mengandi og óöruggum. Það er tómt mál að tala um orkuskipti undir þessum formerkjum.

Enn bólar ekki á hækkun bifreiðastyrkja en í staðinn er boðuð hækkun á bifreiðagjöldum úr 15.080 kr. í 20.000 kr., sem á að greiða tvisvar á ári. Eins og FÍB bendir á er um að ræða 163 prósentu hækkun bifreiðagjalda á tveim árum, eða úr 7.590 kr. fyrir eitt tímabil árið 2022. Jafnframt munu rafbílur hækka mikið í verði frá næstu áramótum þegar virðisaukaskattsívilnun fellur niður. Rafbílur eru þegar talsvert dýrari en sambærilegir bílar sem knúnir eru af jarðefnaeldsneyti. Ljóst er að möguleikar fatlaðs fólks, sem lifir á lífeyri og hefur þurft að reiða sig á sífellt gagnsminni styrki, til að kaupa sér sparneytinn og vistvænan bíl eru nánast að engu orðnar.

## Hækkun frítekjumarka fyrir örorkulífeyristaka

Bráðabirgðaákvæði um hækkun á frítekjumarki örorkulífeyristaka vegna atvinnutekna hefur verið endurnýjað óbreytt árlega frá árinu 2009. **Æskilegra væri að færa frítekjumarkið úr bráðabirgðaákvæðinu yfir í varanlegt ákvæði. Það myndi engin áhrif hafa á kostnað rikissjóðs vegna almannatrygginga.**

Frítekjumörk vegna lífeyrissjóðs- og fjármagnstekna hafa verið óbreytt frá árinu 2009. Frítekjumark vegna atvinnutekna var einnig óbreytt frá árinu 2009 þar til bráðabirgðaákvæðið þar um var hækkað úr 109.600 kr. í 200.000 kr. á mánuði í byrjun árs 2023. Í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 130/1997 og innihélt meðal annars ákvæði um árlega breytingu lífeyris almannatrygginga er ljóst að vilji löggjafans var að fjárhæðir frítekjumarka verði samhliða bótafjárhæð ákveðnar árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni.

## Víxlverkun örorkugreiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða

Lagt er til að Alþingi setji lög til að koma í veg fyrir að lífeyrissjóðir skerði greiðslur til örorkulífeyrisþega með hliðsjón af tekjum frá TR.

Í frumvarpinu er lagt til að framlengja bráðabirgðaákvæði til að koma í veg fyrir víxlverkun milli örorkugreiðslna frá almannatryggingum annars vegar og frá lífeyrissjóðum hins vegar. Bráðabirgðaákvæði þetta hefur verið í gildi frá 1. janúar 2014.

Á meðan ekki hefur verið fundin framtíðarlausn í málinu, er slíkt bráðabirgðaákvæði nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að lífeyrissjóðsgreiðslur til örorkulífeyristaka lækki enn frekar eða falli jafnvel niður. Allt frá árinu 2009 hefur ÖBÍ lagt áherslu á að fundin verði framtíðarlausn sem ver hagsmuni allra örorkulífeyristaka.

**Ekkert um okkur, án okkar.**



Þuríður Harpa Sigurðardóttir,  
formaður ÖBÍ réttindasamtaka.



Sigríður Hanna Ingólfssdóttir  
félagsráðgjafi ÖBÍ réttindasamtaka



Stefán Vilbergsson  
Verkefnastjóri ÖBÍ réttindasamtaka